



Tónlistarstundir 2-3 ára.

Hugmyndir

Heyrnarþjálfun (Tónhæð og blær):

Segja sögur með hljóðfærum. Hver sögupersóna á sitt hljóðfæri. T.d. í sögunni geiturnar þrjár. Litla Kiða kið bjalla. Geita mamma hrista. Stóri geitapabbi hrista með dýpri tón. Tröllið skellitromma eða tamborína. Hægt er að nota nánast hvaða sögu sem er og endilega búa til spunasögur á staðnum.

Slæðabrekkan. Nota klukkuspil eða tréspil. Eða annað laglínuhljóðfæri. Segja sögu af krökkum sem eru að renna sér í brekku. Labba upp brekkuna og renna niður. Nota blæbrigði labba hratt/ hægt upp brekkuna. Renna hratt/hægt niður brekkuna. Upp fjall eða hól, hvað sem ykkur settur í hug.

Hlusta á mismunandi tónlist.

Hvernig er tónlistin? Er spilað hratt/hægt? (Sjá hugmyndir af lögum á blaði tónlistarstundir 1-2 ára, hugmyndir).

Rythmaþjálfun:

Klappa rythma í nöfnum barna T.d. Eva - (tvö klapp) Hrafnhildur --- (þrjú klapp) o.s.frv. Skrifu atkvæðin á töflu eða blað. Sýna börnunum muninn.

Pulur. eru vel til þess fallnar að æfa rythma. Margar góðar pulur eru til. Sjá meðfylgjandi blað. Klappa meðan farið er með þuluna.

-Fagur fiskur í sjó. (Tónmennt hefti 3 bls. 58) Einnig gaman að hlusta á af geisladisknum Fagur fiskur í sjó með Eddu Heiðrún Backman og Atla Heimi Steins. Þar er farið í þuluna hratt og hægt.

-Fingapula (Með á nótunum bls. 20).

-Kemur maður gangandi (Með á nótunum bls. 31).

-Bangsi í lófa (Með á nótunum bls. 4).

-Þumalfingur er mamman (Með á nótunum bls. 19).

-Stígur hún við stokkinn (Með á nótunum bls. 39).

Leikir með takti.

-Fuglinn Lilli.

-Amma var að þrjóna sokka.

-Svona ríður ungfrúin.(Með á nótunum bls. 15).

-Epli og perur (Með á nótunum bls. 12).

-Hún rær og hún slær. Gömul barnagæla (tónmennt hefti 2 bls. 2).

-Kubbahúsið (Með á nótunum bls. 35).

-Doddi litli datt á pallinn.

-Tombai, tombai (líka hægt að setja inn eitthvert dýr í stað Tombai og gera svo hljóð dýrsins í lokin).

Söngur:

Búa til hljómsveit. Setja teppi á gólfið. Velja nokkur hljóðfæri og segja börnunum hvað þau heita. Passa að hafa nokkur hljóðfæri umfram barnafjöldann svo allir hafi val. Eitt og eitt barn kemur upp og velur sér hljóðfæri. Síðan búum við til hljómsveit og spilum og syngjum af hjartans lyst. Nota síðan Rauða og grænu hringina og kenna börnunum að stoppa þegar **rauða** hringnum er haldið á lofti og spila þegar **græna** hringnum er haldið á lofti.

Nafnaleikur. Þegar lagið "Nú skulum við segja hvað við heitum" er sungið er hægt að nota hljóðfæri. Réttu viðkomandi barni hljóðfæri í viðlaginu t.d. Sigga, Sigga je je je. O.s.frv.

Frjáls söngur og spilað á hljóðfærin. Börnin sitja í hring og hljóðfæri sett á teppi í miðju hringsins. Síðan er sungin frjáls laglína "Guðrún hvað langar þig að spila, Guðrún hvað langar þig að spila? Og þá velur Guðrún hljóðfæri t.d. trommu og spilar. Hinir halda áfram að syngja: Hún vill spila á trommu, hún vill spila á trommu og síðan gengur þetta koll af kolli.

Hreyfing:

Frjáls hreyfing með tónlist. Nota slæður, bjöllubönd eða annað sem hentar með frjálsri hreyfingu. Hlusta á blæ tónlistarinnar hratt/hægt bæta við að börnin fari eftir fyrirmælum okkar s.s. getið þið hlaupið með hendur (slæðurnar ef verið er að nota þær) á höfðinu? Lærum? Baki? Maga? o.s.frv.

Fyrir yngstu börnin er mikilvægt að fá að handfjatla hljóðgjafana. Kanna hljóð þeirra og öðlast þannig hlustunar reynslu. Undir leiðsögn geta börnin þroskað með sér undirstöðufærni gegnum eyrað, rödd og líkama um leið og þau læra þau frumhugtök tónlistarinnar. Byrja að kenna börnunum að nota rauða og græna táknið þ.e. **stopp** og **spila**.